



**TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR**

**Fyrirtækjastyrkur  
Fræ/Þróunarfræ**

**Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda**

2021

## EFNISYFIRLIT

1. Fyrirtækjastyrkur – Fræ/Þróunarfræ.....	3
1.1. Lýsing á styrkjaflokki.....	3
1.2. Umsóknafrestur.....	4
2. Viðurkenndur kostnaður í verkefnum.....	5
2.1. Laun og launatengd gjöld.....	5
2.2. Rekstrarvörur.....	5
2.3. Aðkeypt þjónusta.....	6
2.4. Samrekstur og aðstaða (e. Overhead).....	6
3. Matsferli umsókna.....	6
3.1. Trúnaður og vanhæfi.....	6
3.2. Fagráð og stjórn.....	7
3.3. Mat umsóknar af fagráði.....	7
3.4. Ákvörðun um úthlutun.....	7
4. framkvæmd verkefnis.....	8
4.1. Samningur um framkvæmd verkefnis.....	8
4.2. Skil á verkefni.....	8
5. Skilgreiningar.....	8
5.1. Minniháttar aðstoð (De minimis).....	8
5.2. Illa stödd fyrirtæki.....	9
6. Formkröfur fyrir Fræ og þróunarfræ.....	9

## 1. FYRIRTÆKJASTYRKUR – FRÆ/ÞRÓUNARFRÆ

### 1.1. LÝSING Á STYRKJAFLOKKI

**Fræ** er undirbúningsstyrkur til ungra frumkvöðlafyrirtækja eða einstaklinga og er sniðinn að verkefnum á hugmyndastigi eða á frumstigi í þróun afurðar. Verkefni sem eru skilgreind undir styrknum Fræ eiga að vera undirbúningur undir stærra þróunarverkefni. Gert er ráð fyrir að styrkþegar sækji um fyrirtækjastyrk - [Sproti](#) í framhaldi af Fræ ef niðurstaða gefur tilefni til. Mikilvægt er að hugmyndin feli í sér að þróuð verði virðisaukandi vara eða þjónusta sem mun skila sér í uppbyggingu á fyrirtæki með góða veltumöguleika.

**Þróunarfræ** er forkönnunarstyrkur til ungra frumkvöðlafyrirtækja og einstaklinga til að ráðast í þróunarsamvinnuverkefni. Hugmyndin að verkefninu þarf að fela í sér að leitað er nýrra lausna eða tækni til að leysa áskoranir og bæta lífskjör fólks í þróunarlöndum. Gjaldgeng þróunarland eru lágtekjuríki eða lág millitekjuríki auk hárra millitekju smáeyþróunarríkja samkvæmt [lista Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar \(DAC\)](#) um viðtökulönd opinberrar þróunaraðstoðar. Jafnframt er mikilvægt að markmiðið sé að draga úr fátækt og styðja við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í fátækum ríkjum heims í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Ísland leggur áherslu á í [þróunarsamvinnustefnu sinni fyrir árin 2019-2023](#). Gert er ráð fyrir að styrkþegar geti sótt um styrk í [Samstarfssjóð](#) Utanríkisráðuneytisins við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í framhaldi af Þróunarfræ.

Í umsóknareyðublaði þarf að velja hvort sótt er um Fræ eða Þróunarfræ.

Sjóðurinn styrkir ekki nemendaverkefni eða rannsóknaverkefni innan háskóla og rannsóknastofnanna.

Dæmi um verkþætti sem falla undir styrkjaflokkana eru:

- Skilgreining og útfærsla á hugmynd
- Hagkvæmnisathugun með tilliti til markaðar og tæknilegra möguleika
- Fyrstu drög frumgerðar
- Gerð viðskiptaáætlunar

Dæmi um verkþætti sem falla ekki undir styrkjaflokkinn Fræ og Þróunarfræ:

- Prófun frumgerðar
- Framleiðsla á afurð
- Innleiðing á þjónustu og ferlum
- Gerð markaðsefnis
- Markaðssetning og sala á afurð
- Hugverkavernd
- Undirbúningur og kostnaður vegna funda, ráðstefna eða sýninga (ferðakostnaður er ekki viðurkenndur kostnaður í styrktarflokknum)
- Undirbúningur og kostnaður við stofnun á fyrirtæki
- Fjármögnun verkefnis, kostnaður vegna öflunar fjármagns til verkefnisins og skrif á styrkumsóknum

- Námskeiðshald/að fara á námskeið
- Kaup á tækjabúnaði/tækjum (þ.m.t. hugbúnaði)

Umsækjendur geta eingöngu verið **fyrirtæki sem eru 5 ára eða yngri og einstaklingar**. Aldur fyrirtækis miðast við stofndag til dagsetningar umsóknarfrests<sup>1</sup>.

Hámarksstyrkur getur numið allt að 2 milljónum króna og verkefninu skal lokið innan 12 mánaða.

Uppfylli umsókn ekki skilyrði styrkjaflokksins er henni vísað frá.

**Fræ og þróunarfræ falla undir reglur um minniháttar aðstoð, sjá [kafla 5.1](#).**

**Fyrirtæki sem falla undir skilgreiningu á illa stöddum fyrirtækjum geta ekki fengið styrk, sjá [kafla 5.2](#).**

## 1.2. UMSÓKNAFRESTUR

Það er ekki umsóknarfrestur í þessum styrkjaflokkum. Allaf er opið fyrir að senda inn umsókn. Umsóknir verða teknar fyrir a.m.k. tvisvar á ári.

Þegar umsókn er send inn fær umsækjandi tölvupóst sem staðfestingu á móttöku umsóknar.

Umsókn skal senda til Tækniþróunarsjóðs í gegnum umsóknarkerfi [Rannís](#).

Til að komast inn á skráningareyðublað fyrir Fræ/Þróunarfræ þarf umsækjandi að hafa íslykil eða rafræn skilríki. Það skiptir ekki máli hvort notuð er kennitala fyrirtækisins sem sækir um eða kennitala þess sem skráir umsóknina. Ef kennitala einstaklings er notuð til að skrá umsókn getur viðkomandi aðili eða forsvarsmaður fyrirtækisins óskað eftir því að umsókn sé flutt yfir á kennitölu fyrirtækisins síðar.

---

<sup>1</sup> Í undantekningatilfellum getur fyrirtæki verið styrkhæft þó meira en fimm ár eru liðin frá stofndegi fyrirtækis til dagsetningar umsóknarfrests. Í því tilfelli þarf umsækjandi að sýna fram á að starfsemi hafi legið niðri í fyrirtækinu í að minnsta tvö reikningsár. Starfsemi fyrirtækisins telst hafa legið niðri í eitt reikningsárs ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Velta (rekstrartekjur eða gjöld hvort heldur sem er hærra) < 200.000 kr.
- Fjármunatekjur < 200.000 kr.
- Greiddur arður < 200.000 kr.
- Heildareignir fyrirtækisins < 10.000.000 kr.

Umsækjandi skal skila inn með umsókn að lágmarki vefslóð á myndband þar sem verkefnið er kynnt eða pdf af glærukynningu. Senda má inn bæði vefslóð og glærukynningu:

- **Vefslóð á myndband.** Myndbandið má ekki vera lengra en 5 mínútur. Umsækjendur eiga að nota myndbandsveitur eins og Youtube, Vimeo eða aðrar sambærilegar síður. Myndbandið þarf að vera aðgengilegt á vefnum þar til stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun um úthlutun.
- **Glærukynning** að hámarki 10 glærur sem unnar eru í PowerPoint eða öðru sambærilegu forriti. Kynningin á að vera á PDF formi þegar hún er send inn. Ekki er tekið við skrá stærri en 10 MB. Æskilegt er að glærur séu einfaldar, skýrar og hnitmiðaðar.

**Önnur fylgigögn eru ekki leyfð** að undanskilinni yfirlýsingu endurskoðanda/bókara um undantekningu frá fimm ára reglunni ef við á (sjá nánar í [kafla 1.1](#)).

Uppfylli umsókn ekki ofangreindar kröfur um fylgigögn verður henni vísað frá.

Ef veittar eru rangar eða villandi upplýsingar í umsókn er henni vísað frá.

Uppfylli umsókn ekki formkröfur styrktarflokksins er henni vísað frá (sjá kafla 6).

## 2. VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR Í VERKEFNUM

Umsækjandi skal tilgreina heildarkostnað verkefnisins í umsókninni yfir það verktímabil sem sótt er um styrk fyrir. Tækniþróunarsjóður samþykkir ekki kostnað sem fellur á verkefnið áður en umsókn er skilað inn. Ekki er gerð krafa um mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði en skilyrði er að bókfærður kostnaður við verkefnið sé að lágmarki jafn hár styrkuppþæð sem veitt er til verkefnisins. Gerð er krafa í umsókn að tilgreint sé hvernig mótframlagi verði háttað, ef það er til staðar í verkefninu. Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að haldið sé kostnaðarbókhald fyrir verkefni er hljóta stuðning Tækniþróunarsjóðs.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir kostnaðarliði sem teljast viðurkenndir kostnaðarliðir í verkefni sem sjóðurinn styður. Við gerð kostnaðaráætlunar skal jafnframt hafa til hliðsjónar samþykka verkþætti sem taldir eru upp í [kafla 1.1](#).

### 2.1. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn (þátttakendur) vinna í verkefninu. Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er hægt að nota útseldan texta til viðmiðunar við útreikning launa.

### 2.2. REKSTRARVÖRUR

Upplýst skal um aðföng fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur tengdar rannsókn- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörunum stuttlega og áætla samtölu kostnaðar. Kaup á tölvubúnaði og öðrum skrifstofubúnaði er **ekki viðurkenndur kostnaður**.

### 2.3. AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Lýst skal aðkeyptri þjónustu hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila og hvað þjónustan kostar.

Ef umsækjandi er dótturfyrirtæki<sup>2</sup> á Íslandi í eigu erlends fyrirtækis, er styrkhæfur kostnaður sá kostnaður sem fellur til við verkefnið á Íslandi en erlend aðkeypt þjónusta eða erlend aðkeypt vinna við verkefnið er **ekki styrkhæf**.

### 2.4. SAMREKSTUR OG AÐSTAÐA (E. OVERHEAD)

Samrekstur er fastur kostnaður sem ekki er beint tengdur einstökum verkþáttum, en verður til vegna starfsemi rekstraraðilans. Um er um að ræða kostnað vegna húsnæðis svo sem leigu, hita, rafmagn og reksturs tölvubúnaðar.

Samþykktur hámarks samrekrarkostnaður er 25% af heildarkostnaði verkefnisins að frádreginni aðkeyptri þjónustu.

## 3. MATSFERLI UMSÓKNA

### 3.1. TRÚNAÐUR OG VANHÆFI

Umsóknir þar með talið viðhengi umsókna og matsblöð flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru ekki aðgengileg öðrum en starfsmönnum Rannís, fagráðsmönnum og stjórn Tækniþróunarsjóðs í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknirnar. Engin afrit eru gerð af trúnaðargögnum en fagráðsmenn og stjórn Tækniþróunarsjóðs hafa rafrænan aðgang til að leggja mat á umsóknirnar. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá Rannís.

Stutt lýsing á verkefninu auk heiti verkefnis er þó undanskilin trúnaði og er birt á íslensku og ensku á úthlutunarsíðu Rannís.

Þar sem stutt lýsing á verkefninu og heiti verkefnis eru undanskilin trúnaði skulu umsækjendur gæta sín á því að þar komi ekkert fram sem getur valdið því að ekki verði hægt að sækja um einkaleyfi á uppfinningunni.

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá Tækniþróunarsjóði eru bundnir þagnarheiti. Ennfremur fylgir sjóðurinn reglum um vanhæfi. Í rafrænni skráningu umsóknar er hægt að taka fram ef sérstaklega er óskað eftir því að ákveðnir einstaklingar lesi ekki yfir umsóknina.

---

<sup>2</sup> Sjá skilgreiningu í 2. gr. laga nr. 3 frá 2006

### 3.2. FAGRÁÐ OG STJÓRN

Tækniþróunarsjóður starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun ([nr. 75/2007](#)) og er fjármagnaður af ríkissjóði í samræmi við fjárlög hvers árs.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem skipar sex manna stjórn hans. Stjórnin er ábyrg gagnvart ráðherra og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar. Stjórnin setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Hún markar sjóðnum stefnu og er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu [Vísinda- og tækniráðs](#).

Fagráð annast faglegt mat á umsóknum og er skipað af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Upplýsingar um hverjir sitja í fagráði og stjórn má finna á vefsíðu Rannís.

Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Þau eru skipuð einstaklingum sem hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Stjórnin getur leitað ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins veita ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar.

**Óheimilt er að hafa samskipti við fagráðsmenn eða stjórn vegna umsókna sem eru í mati hjá sjóðnum. Komi það í ljós verður viðkomandi umsókn vísað frá án frekari rökstuðnings.**

**Ef umsækjendur hafa athugasemdir fram að færa við mat fagráðs að lokinni úthlutun skal þeim beint til starfsmanna Tækniþróunarsjóðs.**

### 3.3. MAT UMSÓKNAR AF FAGRÁÐI

Forsenda þess að umsókn sé metin hæf til faglegs mats er að hún sé innan starfssviðs sjóðsins og uppfylli formkröfur. Þar að auki þarf umsóknin að byggja á hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning. Gerð er krafa um að fullnægjandi grein sé gerð fyrir einstökum liðum í umsókn þannig að unnt sé að leggja faglegt mat á hana.

### 3.4. ÁKVÖRDUN UM ÚTHLUTUN

Stjórn Tækniþróunarsjóðs fær til umfjöllunar þær umsóknir sem hafa hlotið mat fagráðs. Umsóknir eru kynntar fyrir stjórninni og getur hún tekið þær til nánari skoðunar og endurmats ef hún telur tilefni til þess.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um styrki eru endanlegar á stjórnarsýslustigi sbr. 13. gr. laga nr. [75/2007](#).

Úthlutun er tilkynnt á vef Rannís.

Í þeim verkefnum sem stjórn Tækniþróunarsjóðs heimilar starfsmönnum sjóðsins að ganga til samninga við, eru samningsform send til verkefnisstjóra til undirritunar. Fulltrúar sjóðsins geta kallað verkefnastjóra á samningafund ef ástæða þykir til áður en skrifað er undir samning.

Undirrituðum samningi skal skila til Tækniþróunarsjóðs innan tveggja vikna frá því hann berst verkefnisstjóra. Berist undirritaður samningur ekki innan fyrrgreindra tímamarka og sé ekki um annað samið sérstaklega fellur styrkur niður.

## 4. FRAMKVÆMD VERKEFNIS

### 4.1. SAMNINGUR UM FRAMKVÆMD VERKEFNIS

Verkefnisstjóri ber ábyrgð gagnvart Tækniþróunarsjóði á framkvæmd samningsins, jafnt fjárhagslega sem verklega. Starfsmenn sjóðsins svara ekki fyrirspurnum vegna tiltekinna verkefna nema frá verkefnisstjóra.

Verkefnisstjóri, framkvæmdastjóri eða stjórn fyrirtækis/stofnunar getur tilkynnt að nýr einstaklingur muni taka við sem verkefnisstjóri.

Endanleg ákvörðun um breytingu á verkefnisstjóra er háð samþykki Tækniþróunarsjóðs.

Í samningi er kveðið á um greiðslu framlaga sjóðsins og hverju styrkþegi ber að skila á tilteknum skiladögum. Standi styrkþegi ekki við skuldbindingar sínar er tilgreint í samningi hvernig tekið verður á því. Séu vanefndir umtalsverðar verður framlagið dregið til baka og krafist endurgreiðslu þess til sjóðsins.

Sé ekki um annað samið er framlag greitt í tvennu lagi:

- 1. greiðsla - 80% af styrkuppþæð er greidd þegar samningur er undirritaður.
- greiðsla - 20% af styrkuppþæð er greidd þegar niðurstöðum verkefnisins hefur verið skilað inn og samþykktar af sjóðnum. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.

### 4.2. SKIL Á VERKEFNI

Styrkþegar skulu skila niðurstöðum verkefnisins í lokaskýrslu til sjóðsins og skal henni skilað eigi síðar en 12 mánuðum frá upphafsdegi verkefnis. Eyðublað fyrir lokaskýrslu er að finna á heimasíðu sjóðsins.

## 5. SKILGREININGAR

### 5.1. MINNIHÁTTAR AÐSTOÐ (DE MINIMIS)

Reglugerð ESB um minniháttar aðstoð<sup>3</sup> heimilar veitingu aðstoðar sem nemur allt að 200 þúsund evrum til hvers viðtakanda, yfir þriggja ára tímabil. Í þeim styrkjum Tækniþróunarsjóðs sem falla undir minniháttar aðstoð lýsa styrkþegar því yfir að þeir hafi ekki á síðastliðnum tveimur reikningsárum auk yfirstandandi reikningsárs, fengið styrki frá opinberum aðilum sem teljast til minniháttar aðstoðar, sem nema hærrí upphæð en 200.000 evrum að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um. Ef heildarstyrkur minniháttar aðstoðarinnar, að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um, fer yfir 200.000 evrur getur styrkþegi ekki hlotið neinn hluta þess styrks sem sótt er um. Við mat á því hvort framangreindu hámarki er náð, skal reikna styrkígildi aðstoðar, sem veitt er í öðru formi en beinum styrkjum (t.d. lán með hagstæðum kjörum) samkvæmt reglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í þessu

<sup>3</sup> <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2014-is/su-nr-36-is-12-06-2014.pdf#page=652>



sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem aðili hefur fengið samkvæmt styrkjareglum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

## 5.2 ILLA STÖDD FYRIRTÆKI

Fyrirtæki sem eru eldri en þriggja ára og eru illa stödd geta ekki hlotið styrk úr Tækniþróunarsjóði<sup>4</sup> í þeim styrktarflokkum sem falla utan minniháttar aðstoðar. Í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA<sup>5</sup> er litið svo á að fyrirtæki sé illa stödd þegar þannig stendur á að komi ekki til íhlutunar hins opinbera má telja víst að það neyðist til að hætta starfsemi innan eins eða fátíðra ára. Í samræmi við þetta er fyrirtæki talið illa stödd ef að minnsta kosti einar eftirtalinna aðstæðna koma upp:

- a) Þegar þannig stendur á í hlutafélagi að fjárhæð sem nemur meira en helmingi útgefins hlutafjár hefur farið forgörðum vegna taprekstrar á löngum tíma. Sú er raunin ef þannig stendur á að þegar uppsafnað tap er dregið frá eigin sjóðum fyrirtækisins (að meðtöldum öllum öðrum þáttum sem venjulega teljast til eiginfjár þess) er niðurstaðan neikvæð samtala sem nemur hærri fjárhæð en helmingi útgefins hlutafjár.
- b) Þegar um er að ræða félag þess eðlis að a.m.k. sumir eigendanna bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess er átt við stöðu mála þar sem meira en helmingur af bókfærðu eigin fé hefur farið forgörðum vegna taprekstrar á löngum tíma.
- c) Þegar fyrirtækið sætir skiptameðferð vegna ógjaldfærni að sameiginlegri ósk kröfuhafa eða fullnægir skilyrðum landslaga fyrir því að kröfuhafar geti óskað slíkrar málsmeðferðar.
- d) Þegar um ræðir fyrirtæki önnur en lítil og meðalstór er átt við aðstæður þar sem eftirfarandi hefur átt við undangengin tvö ár:
  - i. hlutfall bókfærðra skulda af eiginfé hefur verið hærra en 7,5 og
  - ii. vaxtaþekja sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBITDA) hefur verið undir 1,0.

Ef að fyrirtæki eða samstarfsfyrirtæki í verkefni sem hlýtur styrk úr Tækniþróunarsjóði lendar í fjárhagsvanda á styrktímanum, ber verkefnisstjóra verkefnisins að upplýsa starfsmenn Tækniþróunarsjóðs um það svo fljótt sem verða má.

## 6. FORMKRÖFUR FYRIR FRÆ OG ÞRÓUNARFRÆ

Áður en umsókn fer til umfjöllunar hjá fagraði fara starfsmenn Tækniþróunarsjóðs yfir umsóknir og kanna hvort þær uppfylli eftirtaldar kröfur sjóðsins.

FORMKRÖFUR	JÁ	NEI
Umbeðin fylgigögn fylgja með umsókn?		
Uppfylla umbeðin fylgigögn kröfur sjóðsins (þ.e. er myndband ekki lengra en 5 mín. eða glærukynning ekki lengri en 10 glærur)?		
Umsækjandi er einstaklingur eða fyrirtæki. Ef fyrirtæki, þá er umsækjandi fyrirtæki yngra en 5 ára eða fellur undir undanþágu á aldri fyrirtækis í kafla 1.1. í reglum sjóðsins		

<sup>4</sup> <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-44-is-06-08-2015.pdf>

<sup>5</sup> <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-62-is-15-10-2015.pdf>

Ef svarið við einhverri ofantalinna spurninga er nei þá uppfyllir umsóknin ekki lágmarks kröfur Tækniþróunarsjóðs og er vísað frá af stjórn sjóðsins og fær ekki frekara mat.